

VEIÐIMÁLASTOFNUNIN



Finnur Garðarsson

Frumáætlun um ræktunarmöguleika í
ám og vötnum í Rangárvallasýslu.

VEIÐIMÁLASTOFNUN

EINTAK BÓKASAFNS

Reykjavík

Júní 1984.

Frumáætlun um ræktunarmöguleika í ám
og vötnum í Rangárvallasýslu.

Virkjunarframkvæmdir á vegum Landsvirkjunar á vatnasvæðum Þjórsár og Tungnaár hafa m.a. haft í för með sér eyðileggingu á Þórisvatni m.t.t. veiðihlunninda. Til að bæta tjón það er veiðiréttareigendur hafa orðið fyrir vegna virkjunarframkvæmdanna hefur Landsvirkjun m.a. tekið að sér að byggja eldisstöð fyrir lax- og silungsseiði. Stærð eldisstöðvarinnar verður miðuð við að hún fullnægi sem næst þörfum vatnasvæða í Rangárvallasýslu. Stöðin verður eign hlutaðeigandi hreppa og rekstur hennar verður sömuleiðis á vegum hreppanna (Ása-, Djúpár-, Holtamanna- og Landmannahreppa). Hluti eldisstöðvarinnar er þegar kominn í gagnið og er klakaðstaða nú fyrir um 400 þús. hrogn. Miðað við klakastöðu fyrir milljón hrogn ætti slík stöð að geta gefið af sér 600-700 þús. sumaralin seiði. Ég tel að hagkvæmast væri að leggja áherslu á framleiðslu sumaralinnna seiða, bæði lax- og sjóbirtings/urriðaseiða. Urriðaseiðin verði notuð til sleppinga í vötn á Veiðivatnasvæðinu og sjóbirtingsseiði á ófiskgenga hluta vatnakerfa Rangáanna, en laxaseiðunum verði sleppt á ófiskgeng svæði á vatnasvæði Þjórsár.

Ítarlegar rannsóknir þyrftu að fara fram í einstökum vötnum á Veiðivatnasvæðinu til að kanna ástand fiskstofnanna þar og fá úr því skorið hversu viðkomu urriðans er háttað og fá með því upplýsingar um hversu miklu mætti sleppa.

Fiskifræðilegar rannsóknir á vegum Veiðimálastofnunar fóru fram í nokkrum vötnum á Veiðivatnasvæðinu 1975 (Jón Kristjánsson 1976). Eingöngu urriði og hornsíli eru í vötnunum. Rannsóknin tók yfir eftirtalin vötn: Arnarvatn, Ónefndavatn, Eskivatn, Kvíslarvatn, Langavatn, Nýja-vatn, Ónýtavatn, Skálavatn, Snjóölduvatn og Stóra Fossvatn. Meginniðurstaða þeirra rannsókna var að flest vötnin væru vansetin fiski að undanskildum Fossvötnum og fæðuframboð væri í yfirmagni, hrygningarskilyrði væru takmarkandi þáttur fyrir framleiðslu á urriða. Lílegt er að einhver áraskipti séu á því

hversu nýliðun urriðans tekst til. Nær öruggt má telja að sleppa mætti ca 150 þús. urriðaseiðum í hin ýmsu vötn á svæðinu.

Samkvæmt þeim upplýsingum sem tiltækar eru um vatnasvæði Rangáanna er ljóst að þar þrífst urriði og sjóbirtingur betur en lax (Teitur Arnlaugsson 1974). Bæði er það að veiðin byggist að langmestu leyti á urriða/sjóbirting og hitt að laxarækt hefur gengið fremur treglega. Vatnasvæðin virðast því henta urriða mun betur en laxi. Á vatnakerfi Rangáanna eru stór svæði ofan fossa sem nýta má til smáseiðasleppinga. Þau svæði þyrfti að sjálfsögðu að skoða nánar m.t.t. seiðamagns sem heppilegt er að dreifa á svæðið og velja jafnframt þá staði sem best munu nýtast. Engin goðgá er að áætla að ófiskgengu svæðin í vatnakerfum Rangáanna þoli sleppingar sumaralinnna urriða/sjóbirtingsseiða upp á ca 150 þús. seiði árlega. Í efri hluta Eystri Rangár eru sennilega ágæt skilyrði fyrir laxaseiði, en sá hluti er hlýrri en neðri hlutinn (Teitur Arnlaugsson, munnl. upplýsingar) og er sjálfsagt að prófa einhverjar laxaseiðasleppingar þar.

Sleppingar laxaseiða á ófiskgeng svæði í vatnakerfi Þjórsár hafa skilað áþreifanlega mjög góðum árangri (Árni Ísaksson 1978). Ljóst er að laxaseiði þrífast þar vel og ekki er út í hött að áætla að svæðin beri 300⁻⁵⁰⁰ þús. sumaralin seiði. Slíkum seiðasleppingum þyrfti að fylgja eftir með árlegum athugunum þar sem fylgst yrði með afkomu og vexti sleppiseiðanna.

Leggja ber ríka áherslu á að afla klakfisks á þeim vatnasvæðum sem sleppt verður sé þess nokkur kostur, þannig að samstofna fiski sé sleppt á hvern stað og aðstaða verði fyrir hendi í klak- og eldisstöðinni til að halda stofnum aðskildum. Ýmsar rannsóknir benda til að blöndun óskyldra stofna geti haft óæskileg áhrif á þann náttúrulega stofn, sem fyrir hendi er á hverjum stað.

Skynsamlegt væri að hafa aðstöðu í stöðinni til að ala hluta seiðanna áfram upp í göngustærð bæði til að prófa í ánum á svæðinu og einnig til að hafa möguleika á að selja á almennum markaði, en auknar líkur eru á að sá markaður verði vaxandi í nánustu framtíð.

Heimildir:

Árni Ísaksson 1978. Árangur ræktunar á vatnasvæði Þjórsár
1973 - 78. Veiðimálastofnun 12 bls.

Jón Kristjánsson 1976. Skýrsla til form. veiðifélags
Landmanna um rannsóknarleiðangur í
Veiðivötn 1975 (án titils)
Veiðimálastofnun 5 bls.

Teitur Arnlaugsson 1974. Athuganir á ám í Rangárvallasýslu
Hólsá, Ytri-Rangá, Hróarslæk, Eystri-Rangá,
Fiská og Þverá. Veiðimálastofnun 32 bls.